

209. KIRKJURÁÐSFUNDUR

FÖSTUDAGINN 15. NÓVEMBER 2013

haldinn á Biskupsstofu, kl. 9

FUNDARGERÐ

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Kirkjuþing 2013
 - a) Flutningsmenn mála kirkjuþings
 - b) Viðbót við skýrslu kirkjuráðs
 - c) Smávægilegar breytingar á frumvarpi til þjóðkirkjulaga (bandormi)
3. Fasteignir
 - a) Staða mála varðandi sölu Kálfafellsstaðar
 - b) Staða mála varðandi sölu Bakkatúns 1, Bíldudal
4. Fjármál
 - a) Ársreikningur þjóðkirkjunnar 2012
 - b) Rekstaryfirlit kirkjumálasjóðs o.fl. 2012
5. Erindi Innanríkisráðuneytisins vegna gjaldtöku sókna
6. Skálholt
7. Önnur mál
 - a) Fundur í samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar
 - b) Beiðni leikmannaráðs um rökstuðning vegna synjunar á greiðslu ferðakostnaðar
 - c) Ályktanir aukahéraðsfundar Reykjavíkurprófastsdæmis eystra frá 22. október sl. lagðar fram til kynningar
 - d) Þjónusturéttur sóknarbarna

1. FUNDARSETNING

Fundurinn hófst kl. 9. Mætt voru biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir, kirkjuráðsmennirnir Ásbjörn Jónsson, séra Gísli Gunnarsson, séra Gunnlaugur Stefánsson og Katrín Ásgrímsdóttir.

Fundinn sátu jafnframt Guðmundur Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri, Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri, Sveinbjörg Pálsdóttir, skrifstofu- og mannauðsstjóri og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Fundurinn hófst á ritningarlestri og bæn.

Fundargerðir kirkjuráðsfunda númer 206 og 207 og 208 voru samþykktar.

2. KIRKJUÞING 2013

a) *Flutningsmenn mála kirkjuþings.*

Ákveðið var hverjir munu flytja mál kirkjuráðs á kirkjuþingi.

b) *Viðbót við skýrslu kirkjuráðs, þar sem fjallað er um fjárhagssamskipti ríkis og kirkju.*

Á fundi kirkjuráðs þann 15. október 2013 var lagt fram og kynnt erindi Innanríkisráðherra vegna skipunar starfshóps um fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju. Í erindinu segir m.a.:

„Innanríkisráðherra hefur ákveðið að skipa starfshóp sem fær það verkefni að leggja drög að heildarendurskoðun á fyrirkomulagi á fjárhagslegum samskiptum ríkisins og þjóðkirkjunnar, safnaða hennar og annarra trúar- og lífsskoðunarfélaga. Markmið endurskoðunarinnar er m.a. þau að einfalda hin fjárhagslegu samskipti, auka sveigjanleika og þar með möguleika þjóðkirkjunnar og eftir atvikum annarra trú- og lífsskoðunarfélaga, til að ráðstafa tekjustofnum sínum á þann hátt sem best þykir henta starfseminni og skipulagi“

Þá segir jafnframt í erindinu:

*„Vinna starfshópsins verður í meginatriðum tvíþætt:
Annars vegar byggist hún á endurskoðunarákvæði í 4. gr. kirkjujarðasamkomulagsins svokallaða frá 10. janúar 1997 en þar segir að aðilar geti óskað eftir endurskoðun á 3. gr. samkomulagsins að liðnum 15 árum frá undirritum þess. Þá byggist hún jafnframt á 11. gr. samnings ríkisins og þjóðkirkjunnar frá 4. september 1998, en samningurinn er nánari útfærsla á kirkjujarðasamkomulaginu og kveður á um að samningsaðilar geti óskað eftir endurskoðun á samningnum ef grundvallarbreyting verður á úrskurðum kjaradóms og/eða kjaranefndar (nú kjararáðs) og vegna verulegra breytinga á öðrum forsendum samningsins. Jafnframt er byggt á 3. og 60. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997. Markmið þessa hluta vinnu starfshópsins er endurskoðun 3. gr. kirkjujarðasamkomulags hvað varðar*

greiðslur ríkissjóðs en jafnframt almenn endurskoðun þess og samningsins frá september 1998 og laganna eftir því sem samkomulag næst um.

Hins vegar byggist vinna starfshópsins á lögum um sóknargjöld o.fl. nr. 91/1987. Markmið þessa hluta vinnu starfshópsins er að endurskoða grundvöll sóknargjalda og skil þeirra til réttihafa skv. lögnum“.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra og fjármálastjóra að funda með fulltrúum Innanríkisráðuneytisins, áður en erindið verður afgreitt í kirkjuráði. Fundur þessi er fyrirhugaður síðar í dag. Kirkjuráð mun bæta við skýrslu sína til kirkjuþings 2013 greinargerð um viðbrögð við erindi Innanríkisráðuneytisins.

c) Gjaldskrá innanríkisráðuneytisins um aukaverk presta.

Framkvæmdastjóri kynnti aðkomu sína og skrifstofu- og mannauðsstjóra að viðræðum Prestafélagsins við Innanríkisráðuneytið um framtíð gjaldskrár ráðuneytisins um aukaverk presta.

3. FASTEIGNIR

a) Staða mála varðandi sölu Kálfafellsstaðar.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu málsins. Kauptilboð hefur verið lagt fram og samþykkt af hálfu kirkjuráðs. Upp hefur komið, við frágang sölunnar, að óljóst er um ítaksréttindi aðliggjandi jarðar á tilteknum hluta Kálfafellsstaðarjarðarinnar. Greiða þarf úr því svo unnt sé að ganga frá formlegum kaupsamningi.

b) Staða mála varðandi sölu Bakkatúns 1, Bíldudal.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu mála varðandi sölu hússins. Kauptilboð hefur verið lagt fram og samþykkt af hálfu kirkjuráðs. Á eigninni hvílir kvöð um forkaupsrétt lóðareiganda og hyggst forkaupsréttarhafi ganga inn í tilboðið.

c) Lóð í landi Reykholts leigð Isavía fyrir leiðsöguvita.

Framkvæmdastjóri kynnti drög að lóðaleigusamningi um lóð í landi Reykholts fyrir leiðsöguvita þar sem samningurinn er til lengri tíma en fimm ára þarf staðfestingu kirkjuráðs.

Kirkjuráð samþykkti samninginn fyrir sitt leyti.

4. FJÁRMÁL

a) Ársreikningur þjóðkirkjunnar 2012

var lagður fram og samþykktur. Einnig var rekstraryfirlit 2012 lagt fram með samanburði við áætlun 2012 og helstu frávik útskýrð. Þá var lagt fram rekstararyfirlit fyrir fyrstu 8 mánuði ársins 2013 með samanburði við áætlun.

b) Rekstraryfirlit Kirkjumálasjóðs

vegna 2012 með samanburði við áætlun 2012 var lagt fram og helstu frávik útskýrð. Ársreikningur Kirkjumálasjóðs 2012 verður ekki tilbúinn fyrr en eftir kirkjuþing vegna skipulagsbreytinga.

c) Rekstraryfirlit Skálholts 2012

Lagt var fram með samanburði við áætlun 2012 og helstu frávik útskýrð. Þá var lagt fram rekstrararyfirlit fyrir fyrstu 8 mánuði ársins 2013 með samanburði við áætlun. Ársreikningur Skálholts 2012 var lagður fram og samþykktur á fundi kirkjuráðs í október 2013.

d) Fjölskylduþjónusta kirkjunnar og Hjálparstarf kirkjunnar.

Biskup mun ræða við forsvarsmenn Fjölskylduþjónustu kirkjunnar og Hjálparstarfs kirkjunnar um að kanna sameiningu stofnananna tveggja með það að markmiði, meðal annars, að styrkja félagslega þjónustu kirkjunnar og lækka útgjöld.

5. ERINDI INNANRÍKISRÁÐUNEYTISINS VEGNA GJALDTÖKU SÓKNA

Lagt var fram til kynningar bréf frá Innanríkisráðuneytinu um gjaldtöku fyrir kirkjuvörslu kirkjuvarða. Ráðuneytið ítrekar þá skoðun sína að lagaheimild skorti fyrir gjaldtöku. Ráðuneytið ítrekaði fyrri tilmæli sín til kirkjuráðs um að gjaldtökunni verði hætt.

Kirkjuráð áréttar fyrri afstöðu sína og fól framkvæmdastjóra að svara málaleitan ráðuneytisins.

6. SKÁLHOLT

Tillögur að útboði gisti- og veitingareksturs í Skálholti.

Fjármálastjóri og framkvæmdastjóri ræddu nokkra þætti er varða hugmyndir að útboði á gisti- og veitingarekstri í Skálholti. Kirkjuráð samþykkt að fela framkvæmdastjóra og fjármálastjóra að vinna áfram með tillögur um útleigu á hótél- og veitingarekstri í Skálholti.

7. ÖNNUR MÁL

a) Fundur í samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar

Í lögum nr. 12/1982 um samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar segir að tilgangur nefndarinnar sé að vinna að auknum skilningi í löggjafarstarfi á vandamálum og verkefnum kirkjunnar. Samstarfsnefndina skipa af hálfu Alþingis, forseti Alþingis og einn fulltrúi tilnefndur af hverjum þingflokki, en af hálfu þjóðkirkjunnar kirkjuráð. Stefnt er að fundi nefndarinnar 10. desember.

b) Beiðni leikmannaráðs um rökstuðning vegna synjunar á greiðslu ferðakostnaðar.

Biskup mun svara erindinu á fundi með leikmannaráði sem fyrirhugaður er síðar í mánuðinum.

c) Ályktanir aukahéraðsfundar Reykjavíkurprófastsdæmis eystra frá 22. október sl. lagðar fram til kynningar.

d) Þjónusturéttur sóknarbarna

Kirkjuráð samþykkti að beina því til biskupsritara og framkvæmdastjóra að hefja vinnu við að skilgreina þann rétt sem sóknarbörn eiga til þjónustu í sóknarkirkju sinni, sbr. 49. gr. þjóðkirkjulanganna og skila tillögum sínum til kirkjuráðs.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:50

Þorvaldur Víðisson
Biskupsritari

Agnes M. Sigurðardóttir
Biskup Íslands